

SKÝRSLA SKÓGARVARÐARINS Á SUÐURLANDI

ÁRIÐ 1948.

SKÝRSLA

UM SKÓGRÆKTINA Á SUÐURLANDI ÁRIÐ 1948.

FRAMKVÆMDIR.

Girðingar: Girðingin á Þórsmörk var öll endurbætt og girt upp að nýju á stórum köflum, svo sem Krossáraurum var girt með 6 faldri gaddavírsgirðingu og járnstólpum, í stað girðingarinnar sem Hvanná tók haustið 1947, sem var vírnetsgirðing. Öðrum girðingum var haldið við eftir föngum.

Byggingar: Steyptur var grunnur undir væntanlegan verkamannabústað á Tumastöðum, 17 x 9 m. Steypt var gólf í verkfæra-  
þeymslu 9 x 10 m og húsið múrhúðað að utan. Viðlegu-  
hús á Þórsmörk var múrhúðað að utanverðu, en trétex sett í það að innan.

Vegagerð: Lokið var að malbera veginn að Tumastöðum frá hjóðvegi. Malborinn vegur var gerður í græðireitinn á Tumastöðum og að gróðurhúsi. Hlöð voru einnig öll malborinn á Tumastöðum.

Rafstöð: Lokið var við vatnsrafstöð á Tumastöðum til ljósa, eldunar og upphitunar að nokkru.

Græðireitur: Við græðireitinn á Tumastöðum var unnið eins og kostur var á. Ekið var í hann sandi og áburði, partur af reitnum var herfaður hálfsmánaðarlega allt sumarið. Plantað var birkiskjólbelum í 1/4 af reitnum. Í brekkuna norður af Tumastöðum var plantað 300 st. af norsku rauðgreni og á blett suður af bænum meðfram lækjafarveginum var plantað 100 st. af sitkagreni.

Sáningar:

Í gróðurhúsið var sáð 16 Barrviðartegundum í 30 m<sup>2</sup>.

Hlynur	1 1/2	kg	í	4	m <sup>2</sup>
Askur	1/2	-	-	11/2	-
Reynir	5	-	-	5	-
Silfurreynir	1/2	-	-	1/2	-

Sáð var á Tumastöðum fyrir vestan íbúðarhús Birki 75 kg í 150 m<sup>2</sup>

Sáð í Múlakoti:

Skógarfura	4	kg	í	20	m <sup>2</sup>
Hvítgreni	0.55	-	-	2	-
Sitkagreni	11 1/2	-	-	70	-
Silfurreynir	2	-	-	2	-
Hlynur	1	-	-	2	-
Askur	1	-	-	2	-
Birki frá Rognan	1/2	kg	í	4	-
Reynir	40	-	-	40	-

Seldar og afhentar plöntur:

Birki	6000	st.
Reynir	3000	-
Víðir	1300	-
Rífs	1000	-
Sóllur	600	-
Rauðgreni	1886	-
Fura	1120	-

samt. 14906 st.

Plöntur til sölu og afhendingar næsta vor.

Birki I fl.	550	st.	2/2
do II -	2550	-	2/2
do III -	650	-	2/2
Reynir I fl.	500	-	2/3
do II -	1300	-	2/2
do III -	600	-	2/2
Silfurreynir I fl.	780	st.	2/2/2
do II -	100	-	2/2/2
Laxaber	900	-	2/4
Þingviðir I fl.	1450	-	1/1
do II -	350	-	1/0
Sólber I fl.	650	-	1/1
do II -	230	-	1/0
Rífs	240	-	1/1
Aðrar plöntur	900	-	

samt 11750 st.

Ferðir:

Um mánaðarmótin júní-júlí sat ég fund Skógræktarfélags Íslands, sem haldinn var að Hallormsstað. Stuttar ferðir fór ég í Þjórsárdal og Haukadal einnig fór ég nokkrar ferðir á Þórsmörk svo og hér um nágrennið.

Tumastöðum í janúar 1949.

Garðar Jónsson.